



Orkuklasinn



MAÍ JÚNÍ - FRÉTTABRÉF

ORKUKLASANS

Annasamt vor í herbúðum Orkuklasans þar sem ýmissa grasa gætti!

Sendinefndir vestur um haf. Nýsköpunarvika og aðalfundur, samtal um sameiningu svo fátt eitt sé nefnt auk þess að forvinna að stofnun sérhæfðs fjárfestingasjóðs er á fullu dampi hjá okkar fólki. Haustið verður spennandi í herbúðum Orkuklasans og kennir ýmissa grasa.

Lausnir framtíðarinnar vinnum við saman

Framtíðaráskoranir krefjast sveigjanlegra og framsýnna lausna. Með klasasamstarfi byggjum við upp sameiginlegan skilning og nýtum styrkleika hvers og eins. Við trúum á framtíð þar sem samvinna, þekking, og framfarir leiða til nýsköpunar og hornsteinar þróunar – og við ætlum að leiða þá vegferð saman.



Ársskýrsla Orkuklasans
2024

[Sjá hér](#)



Nýr formaður : Sigurður Atli Jónsson


Um leið og við þökkum Árna Magnússyni frávarandi formanni vel og innilega fyrir vel unnin störf í þágu vettvangsins, þá bjóðum nýjan formann hjartanlega velkominn í brúnna.

Á aðalfundi félagsins 28.maí sl þá var Sigurður Atli Jónsson kosinn formaður.

Sigurður Atli hefur viðtæka reynslu úr atvinnulífinu og hefur verið virkur fulltrúi stjórnar Arctic Green sl 3 ár. Í dag leiðir hann Arctic Europe. Sigurður Atli hefur verið lykilmaður í stýrihópi Orkuklasans að formun fjárfestingasjóðs á sviði orkutengdra verkefna.

Við hlökkum til samstarfsins með Sigurði Atla

www.energycluster.is




STJÓRN ORKUKLASANS 2025-2026

AÐALSTJÓRN



Sigurður Atli Jónsson,
Stjórnarformaður
CEO Arctic Europe
2025-2027



Kristín Soffía Jónsdóttir
Ritari
RARIK
2025-2027



Carine Chatney
gjaldkeri
VERKIS
2024-2026



Haraldur Hallgrímsson
Landsvirkjun
2025-2027



Birta Kristín Helgadóttir
EFLA
2025-2027



Pétur Heide
Arionbanki
2024-2026



Birna Bragadóttir
Orkuveitan
2024-2026

VARASTJÓRN




Kristín Steinunnardóttir
Varaformaður
COWI
2025-2027



Þorvaldur Tólli
HD
2024-2026



Helga Dögg Flosad.
ATMONIA
2024-2026



Þorvaldur Jacobsen
Landsnet
2025-2026



Björk Þórarinsdóttir
HS Orka
2025-2027



Sigurður Sigurðsson
f.h. Jarðborana
2024-2026



Daði Þorbjörnsson
ISOR
2025-2027

NÝIR AÐILAR AÐ ORKUKLASANUM

Það er okkur sönn ánægja að tilkynna ykkur nýja félaga innan Orkuklasans. Nú kynnum við til leiks eftirfarandi aðila sem hver um sig eru spennandi og mikilvægir hlekkir í virðiskeðju orkutengrar starfsemi:

At-North - gagnaverið - atnorth.com
ITERA - upplýsingatæknifélagið - itera.com
KMT - Krafla Magma Testbed - www.kmt.is

Verið velkomin í Orkuklasann - hlökkum til samstarfsins

ITERA



Itera er upplýsingatæknifyrirtæki sem sérhæfir sig í lausnum fyrir orkutengda starfsemi

www.itera.com


KMT



KMT - Krafla Magma Testbed er gríðarlega spennandi nýsköpun á sviði jarðvarma.

www.kmt.is

atnorth



atNorth - er leiðandi norrænt fyrirtæki sem býður upp á umhverfisvæna, skilvirka og hagkvæma gagnaverapjónustu


www.atnorth.com

AÐILAR ORKUKLASANS Á FARALDSFÆTI Á VORMÁNUÐUM

UTAH – LOK APRIL, Í SAMVINNU VIÐ SENDIRÁÐ ÍSLANDS Í WASHINGTON

Íslandsstofa og sendiráð Íslands í Washington stóðu fyrir vinnustofu fyrir íslensk jarðhitafyrirtæki í Utah dagana 29.–30. apríl. Fulltrúar fimm fyrirtækja úr röðum Orkuklasans tóku þátt: ÍSOR, Elements by BBA/FJELDCO, COWI, Orkuveita Reykjavíkur og Jarðboranir. Með í för voru einnig viðskiptafulltrúi Íslands í Bandaríkjunum og fulltrúi sendiráðsins í Washington.

Í Utah tóku lykilaðilar á sviði orkumála á móti sendinefndinni – aðilar sem vinna að framtíðaráformum um nýtingu jarðhita til að mæta vaxandi orkupörf og efla efnahagsþróun ríkisins. Fulltrúar íslensku og bandarísku fyrirtækjanna skiptust á kynningum og áttu gagnleg samtöl um möguleg samstarfsverkefni. Ferðin til bæjarins Milford í suðurhluta Utah var einnig afar áhugaverð. Þar áttu þátttakendur fund með forsvarsmönnum Fervo Energy, sem vinna að jarðhitánýtingu með EGS-tækninni (Enhanced Geothermal Systems), auk fulltrúa rannsóknarverkefnisins FORGE sem nýtur stuðnings bandaríska orkumálaráðuneytisins (DOE). Einnig var farið í heimsókn í Roosevelt Hot Springs jarðvarmavirkjunina.



HEIMSÓKN YUKAN Í BYRJUN MAÍ Í SAMVINNU VIÐ ÍSLENSKA SENDIRÁÐIÐ Í KANADA

Í byrjun maímánaðar tóku aðildarfélagar Orkuklasans þátt í sendinefndi til Yukan í Kanada. Ferðin var skipulögð af íslenska sendiráðinu í Kanada undir forrystu sendiherra okkar, Hlyni Guðjónssyni og hans teymi. Þátttakendur voru frá Verkis, Jarðborunum og ÍSOR.

Ferðin þótti takast mjög vel og vonandi mun hún leiða eitthvað gott af sér. Þekkingarmiðlun er einn af lykilþáttum í starfsemi okkar, og með því að segja söguna okkar og deila reynslunni hvernig nýting jarðhita hefur stuðlað að velferð samfélaga á Íslandi, trúum við að hægt sé að veita innblástur og stuðla einnig að framförum annars staðar í heiminum.

Þessi heimsókn er liður í lengra ferli en sendinefnd þessa héraðs hafði komið til landsins og kynnt sér aðstæður hér á landi og því var sérstaklega ánægjulegt að lykilaðilar vilji fá sérfræðingana heim til sín til að skoða þá möguleika sem gætu verið fyrir hendi.





Orkuklasinn

SAMVINNA – ÞEKING – FRAMFARIR



AÐILDARFÉLAGAR ORKUKLASANS




Heildarfjöldi
Aðildarfélaga
48 +

**Kynntu þér
starfsemi þeirra**



Orkuklasans - er fyrirtækjadrifinn þverfaglegur samstarfsvettvangur og stendur fyrir verkefnadrifnum aðgerðum þar sem **þekking, samvinna og framþróun** eru höfð að leiðarljósi.

Sérstaða Orkuklasans eru aðildarfélagarnir og þekking þeirra á sviðinu og byggt hafa upp samstarfið í yfir tárátug. Með þverfaglegu samstarfi þvert á virðiskeðjuna og aðrar atvinnugreinar er hægt a hraða fyrir auknum árangri og tryggja heildarávinningur.




VISSIR ÞÚ HVE UMFANG FÉLAGA OK ER Í SAMFÉLAGINU?

Umfang aðildarfélaga Orkuklasans í íslensku atvinnulífi:



2024
Heildartekjur félaga

**13,2 % af VLF á
Íslandi**



Fjöldi starfsmanna
aðildarfélaga er amk

6200

ORKUKLASINN Á NÝSKÖPUNARVIKUNNI – IIW 2025



Frábær Nýsköpunarvika fór fram í Reykjavík í maí 2025

Við erum stolt af okkar fyrstu og jafnframt öflugu þátttöku á Iceland Innovation Week sem fram fór í Reykjavík dagana 13.–15. maí.

Auk þess að vera með borð á sýningunni, þá héldum við hliðarfund í samstarfi við COWI. Fundurinn okkar var vel sóttur. Þar sýndum við með skýrum hætti hvernig nýsköpun knýr framtíðina áfram í greininni og drögum fram þá vinnu sem við höfum unnið að með meistaraneðmum við HR nú á vörmisseri.

Kjarninn í okkar skilaboðum var skýr: Nýsköpun gerist ekki ein og sér – samvinna, deiling þekkingar og framþróun eru leiðir að raunverulegum áhrifum.

Við þökkum öllum sem tóku þátt í fundinum og heimsóttu sýningarborðið okkar.



STEINGERÐUR OPNUÐ MEÐ POMP OG PRAKT



Mynd fengin af vef linkedin reikningi ON

Það var mikið um dýrðir þann 19. júní sl. þegar Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ræsti formlega nýju lofthreinsistöðina **Steingerði**. Steingerður sem er staðsett við Hellisheiðavirkjun, mun auka getu til þess að fanga nær alla losun á koldíoxíði (CO₂) og brennisteinsvetni (H₂S) frá Hellisheiðavirkjun Orku náttúrunnar (ON). Eftir föngun tekur niðurdælingarkerfi Carbfix við gasinu og breytir í stein en í heildina myndar samstarf ON & Carbfix verkefnið Silfurberg sem nýtur stuðnings Nýsköpunarsjóðs Evrópusambandsins. Þetta er frábær þróun sem sýnir hvernig tækni, nýsköpun og lausnir vinna saman að kolefnishlutlausri framtíð.

Við óskum félögum okkar hjá Orku Náttúrunnar til hamingju með þessa áhugaverðu og spennandi lausn og vonum að hún verði öðrum til eftirbreytni.



Akademias.

Menntun fyrir tækifæri framtíðarinnar

KRASS KÚRS ORKUKLASANS OG AKADEMIAS 1. SEPT

AI SPUNAGREIND Í ORKUGEIRANUM

Krasskúrs Akademias og Orkuklasans Notkun spunagreindar í orkugeiranum.

1. september 2025, kl. 10:00 - 12:00.
Akademias - Borgartún 23, 3. hæð

Spunagreind (e. generative AI) hefur á skömmum tíma skapað grundvallarbreytingar í mörgum atvinnugreinum – og orkugeirinn er engin undantekning. Þetta námskeið er hannað fyrir þau sem vilja skilja hvernig gervigreind, sérstaklega spunagreind, getur nýst sem stefnumótunar- og nýsköpunartæki í orkufyrirtækjum. Á vinnustofunni verður farið yfir hvernig tæknin virkar, hver raunhæf notkunartilvik eru – og hvernig stofnanir geta þróað sín eigin verkefni með áherslu á virðisaukningu, skilvirkni og gagnadrifna ákvarðanatöku.

Þátttakendur fá tækifæri til að greina eigin starfsemi út frá möguleikum AI og vinna í hópum að því að móta hugmyndir að verkefnum eða lausnum sem nýta spunagreind með beinum hætti í rekstri, þjónustu, viðhaldi eða upplýsingamiðlun.

Að loknu námskeiði hafa þátttakendur öðlast skýran skilning á hlutverki spunagreindar í umbreytingu orkugeirans, auk verkfæra og hugmynda til að þróa sín eigin innleiðingarverkefni.

Leiðbeinandi: Dr. Eypór Ívar Jónsson, forseti Akademias

[Skrá mig hér](#)

FYLGSTU MEÐ Á VIÐBURÐAR- DAGATALI ORKUKLASANS Á NÆSTUNNI MUNU FLEIRI VIÐBURÐIR HAUSTSINS KOMA INN

Næstu viðburðir

Orkuklasinn stendur reglulega fyrir mismunandi viðburðum, bæði í persónu og stafrænum heimi sem viðkemur starfsemi orkutengdra verkefna. Skráðu þig til leiks og hafðu áhrif.

 Kynntu þér Eimipoverkefnið VERGE og GAMMA 18. júní 2025 Grískir	 Fagþopafundur AOK 19. júní 2025 Online	 56. stjórnmálafundur OK 20. ágúst 2025 Stjórnmálafundur
 Krasskúrs Orkuklasans og Akademias - Notkun 1. sept. 2025 Akademias	 Staða jarðvarmans í heiminum 4. sept. 2025 TEAMS	 59. stjórnmálafundur OK 10. sept. 2025 Stjórnmálafundur

Fylgdu okkur á samfélagsmiðlum:



Suðurlandsbraut 48 - 108 Reykjavík
www.energycluster.is

